

Sb.

168. Tillaga til þingsályktunar

[140. mál]

um athugun á því, hver áhrif breytingar á skólahaldi hafa haft á árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Halldór Blöndal, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðuneytinu að kanna eða láta kanna svo sem enn er frekast kostur, hver áhrif nýlegra breytinga á skólahaldi og skipulagi skóla hafa orðið á ástundun og árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum.

Greinargerð.

Á síðasta áratug hafa verið gerðar ýmsar breytingar á skólahaldi og skipulagi skóla og ýmsar tilraunir á því sviði, sem í mörgu eru frábrugðnar því sem áður tíðkaðist. Við þessar breytingar og tilraunir var þess ekki gætt sem skyldi, að eftir á yrði unnt að meta hver áhrif þær hefðu á árangur skólastarfsins og allan skólabrag. Þetta er einkum bagalegt þar sem um beinar tilraunir í skólastarfi var að ræða, en óhjákvæmilegt virðist að meta árangur reglulega, svo að unnt sé að breyta tilraunum ef þörf krefur. En jafnvel þar sem meiri háttar breytingar hafa verið gerðar til frambúðar er full ástæða til að fylgjast náið með áhrifum þeirra, svo að unnt sé að lagfæra það sem betur mætti fara, þótt ekki sé ætlunin að hverfa frá þeirri nýskipan, sem komið hefur verið á, eða gera á henni stórvægilegar breytingar. Um leið og breytingar og tilraunir voru gerðar á síðasta áratug hefði þurft að staðla einhvern mælikvarða sem gert hefði kleift að bera saman hið fyrra skólahald og hið nýja. Þannig hefði verið æskilegt að staðla próf í nokkrum mikilvægum greinum áður en grundvallarbreytingar voru gerðar á skólakerfinu, svo að síðar mætti halda sams konar próf til samanburðar. Jafnframt hefði verið æskilegt að fylgjast náið með áhrifum breytinganna á skólasókn. Þá hefði verið æskilegt að leita leiða til að meta, hvort breytingarnar hefðu áhrif á líðan nemenda.

Í 58. gr. og 62. gr. grunnskólalaganna segir, að menntamálaráðuneytið skuli fylgjast með tilraunum í skólastarfi og meta með þeim hætti sem hér er lagt til. Slíkt starf hefur þó ekki hafist svo að orð sé á gerandi. Menntamálaráðuneytið gaf að vísu út skýrslu vorið 1978 um framkvæmd grunnskólalaganna til skólaársins 1977—78, en í henni er aðeins að finna upplýsingar um framkvæmdir í skólamállum, en ekkert um árangur þeirra.

Ýmis vitneskja, sem afla hefði mátt, ef ráð hefði verið tekið í tíma, er nú glötuð. Þó má enn bjarga ýmsu, sem leynist í gögnum skólanna, og styðjast við fyrri reynslu, sem enn er ekki týnd. Einnig mætti leita umsagna reyndra kennara og foreldra.

Æskilegast væri að slík könnun á námsárangri næði til sem flestra þátta skólastarfsins, en þó má vænta skjótari árangurs, ef aðeins er leitað eftir fáum, en mikilvægum þáttum. Má þar sérstaklega nefna eftirfarandi atriði:

- a) Þekking nemenda á íslenskri tungu.
- b) Þekking nemenda í reikningi.
- c) Skólasókn.
- d) Fjarvistir nemenda vegna veikinda.
- e) Almenn heilsufar nemenda og viðhorf þeirra til skólans.

Könnun eins og sú, sem hér er lagt til að gerð verði, er mikilvæg nú m. a. vegna þess, að án efa heldur skólakerfið áfram að breytast og aðlagast daglegu lífi manna á hverjum tíma. Til þess að geta jafnan brugðist rétt við er nauðsynlegt að fylgjast vel með öllum breytingum skólakerfisins og taka ákvarðanir með hliðsjón af þróun þjóðlífsins í heild.